

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 176/1983
um þjóðernis- og skrásetningarkerki íslenskra loftfara.

1. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, 10. gr., sem orðast svo:

Að því er varðar loftför sem bera sögulega nákvæm hernaðarleg auðkenni og merki, vegna fyrri notkunar þeirra sem hernaðarloftfara, er Samgöngustofu heimilt að samþykkja frávik frá reglum þessum.

2. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 9. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 22. mars 2018.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.